

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/16/27

frá 7. nóvember 2002

um breytingu á tilskipun ráðsins 94/55/EB að því er varðar frestina sem gefnir eru til að þrýstitromlur, hólkasamstæður og tankar til flutnings á vegum á hættulegum farmi uppfylli kröfur hennar (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 4344)

(2002/886/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/7/EB ⁽²⁾, einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópustöðlum með nákvæmum tækniforskriftum varðandi smíði, notkun og flutningsskilyrði fyrir þrýstitromlur, hólkasamstæður og tanka til flutnings á vegum á hættulegum farmi hefur enn ekki verið bætt inn í viðauka A og B við tilskipun 94/55/EB þar eð Staðlastofnun Evrópu (CEN) hefur ekki lokið stöðlunarvinnu varðandi slíkan búnað.
- 2) Því er nauðsynlegt að fresta þeim eindögum, sem eru tilgreindir í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/55/EB, sem gefnir eru til að þrýstitromlur, hólkasamstæður og tankar uppfylli kröfur tilskipunar 94/55/EB.
- 3) Breyta ber tilskipun 94/55/EB til samræmis við þetta.
- 4) Til að komast hjá réttaróvissu skal ákvörðun þessi gilda frá 1. júlí 2001.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/55/EB komi eftirfarandi:

„Hvert aðildarríki um sig getur viðhaldið innlendum ákvæðum sem eru í gildi 31. desember 1996 varðandi smíði, notkun og flutningsskilyrði fyrir nýjar þrýstitromlur og hólkasamstæður, samkvæmt sérákvæðinu sem um getur í 4. mgr. viðauka C, og fyrir nýja tanka sem samræmast ekki ákvæðum viðauka A og B, þar til tilvísanir í staðla um smíði og notkun tanka, þrýstitromla og hólkasamstæðna, sem hafa sömu bindandi áhrif og ákvæði þessarar tilskipunar, hafa verið teknar upp í viðauka A og B, en þó ekki lengur en til 30. júní 2003. Þrýstitromlur, hólkasamstæður og tanka, sem eru smíðaðir fyrir 1. júlí 2003, og aðra geyma, sem eru smíðaðir fyrir 1. júlí 2001, og uppfylla áfram tilskildar öryggiskröfur má nota áfram við upprunaleg skilyrði.“

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2001.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 308, 9.11.2002, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 39, 31.7.2003, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 30, 1.2.2001, bls. 43.